



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vesturborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4. Starfspróunarsamtöl.....	11
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	12
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
7. Foreldrasamstarf	13
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
9. Fylgiskjöl:	15
9.1 Innra mat Sólborgar 2025-2026	15
9.2 Innra mat Skýjaborgar 2025-2026	15
9.3 Innra mat Regnbogaborgar 2025-2026.....	16
9.4 Umbótaáætlun deilda 2026-2027	17
9.5 Innra mat sérkennslu 2025-2026	22
9.6 Umbótaáætlun sérkennslu 2026-2027	24
9.7 Umsögn foreldraráðs.....	26





1. Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið hefur gengið afar vel og einkennst af jákvæðni, stöðugleika og faglegri þróun í starfi leikskólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla samstarf, bæta starfsumhverfi og styrkja faglegt starf með börnum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar komu mjög vel út og endurspeglu ánægju starfsmanna, góðan starfsanda og sterka liðsheild. Starfsmannahópurinn er öflugur, metnaðarfullur og einkennist af jákvæðu viðhorfi til starfsins. Samvinna innan hópsins hefur verið góð og starfsmenn sýna ábyrgð, frumkvæði og vilja til að þróa starf sitt áfram.

Fagfundir hafa gengið mjög vel á árinu og hafa verið markviss vettvangur fyrir faglega umræðu, miðlun þekkingar og sameiginlega stefnumótun. Þeir hafa stutt við samræmi í starfi og aukið gæði kennsluhátta. Stjórnendateymið hefur verið vel samstillt og unnið skipulega að því að fylgja eftir markmiðum skólans og umbótaáætlun.

Þemastarf gekk mjög vel á árinu og skapaði góð tækifæri til samþættingar náms og leiks. Ljóst er að áfram eru tækifæri til frekari þróunar og verður lögð áhersla á að efla þemavinnu enn frekar á komandi starfsári.

Fundur lausnateymis innan leikskólans gengu mjög vel. Þeir hafa stutt við markvissa þróun snemmtækrar íhlutunar og hjálpað til við að móta verklag enn frekar.

Nýting þekkingar innan leikskólans hefur aukið skilning á aðstæðum barna og styrkt faglegt mat. Eftir innleiðingu snemmtækrar íhlutunar hefur samþætting þjónustu og stuðnings gengið mjög vel. Þá hefur samstarf við mannauðsdeild og teymi Vesturmiðstöðvar gengið mjög vel á árinu. Það hefur verið lærdómsríkt og styrkt starfsemina, þó enn séu tækifæri til frekari umbóta.

Leikskólinn tók virkan þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar, sem var afar ánægjulegt og lærdómsríkt verkefni. Börnin fengu tækifæri til að syngja í Hörpu og sýna listaverk sín, meðal annars í Sundlaug Vesturbæjar og KR. Þátttökan styrkti sjálfstraust barnanna og tengsl þeirra við nærsamfélagið.

Framkvæmdir við húsnæði skólans eru hafnar og eru mjög jákvætt skref í átt að bættum starfsaðstæðum. Starfsmannarými hefur lengi verið þröngt en nú eru góðar vonir bundnar við að aðstæður batni verulega, sem mun hafa jákvæð áhrif á líðan og starf starfsfólks.

Áfram verður lögð áhersla á íslenskunám innan leikskólans, hafa tungumálastefnu leikskólans og unnið samkvæmt markmiðum hennar um að efla íslenskukunnáttu barna í daglegu starfi. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn og tryggja að öll börn fái tækifæri til virkrar þátttöku.





Starfsfólk tók þátt í fjölbreyttri fræðslu og námskeiðum sem haldin voru í leikskólanum og höfðu jákvæð áhrif á faglegt starf. Má þar nefna íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sem reyndist mjög vel. Einnig var haldið PECS-námskeið, EKKO fræðsla og fræðsla frá Barnaheill um vernd barna gegn kynferðisofbeldi.

Fram fóru einnig námskeið og vinnustofur á vegum Miðju máls og læsis, meðal annars um hæfniramma, læsi og námsumhverfi.

Í upphafi árs héldu ég og sérkennslustjóri, Íris, fræðslu fyrir starfsfólk um stefnu John Dewey og snemmtæka íhlutun.

Starfsfólk hefur nýtt þekkingu sína vel í starfi og sýnt frumkvæði í miðlun hennar til samstarfsfólks. Tveir starfsmenn héldu námskeið fyrir starfsfólk, annars vegar leirnámskeið og hins vegar námskeið um þátttökukennslu í leik. Sú fræðsla hefur styrkt faglegt starf, aukið fjölbreytni í kennsluaðferðum og eflt sjálfstraust starfsmanna í leik og námi barna.

Juan var að ljúka fyrsta ári í M.A í leikskólakennaranámi. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem hán hefur aflað sér og byggja áfram upp lærdómssamfélag innan leikskólans, þar sem áhersla er lögð á að læra saman og þróa starfið í sameiningu.

Einnig fengum við fræðslu frá Mannauðsteymi Reykjavíkurborgar starfsumhverfi, með það að markmiði að móta okkar starfsmannasáttmála sem unnið verður áfram með á næsta starfsári. Heilt yfir má segja að starf leikskólans sé á mjög góðri leið og að umbótastarf skili sér í auknum gæðum, bættum samskiptum og jákvæðu starfsumhverfi. Áfram verður unnið með markvissum hætti að þróun starfsins með áherslu á fagmennsku, samvinnu og velferð barna og starfsfólks.

Lögð er áhersla á að virða fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn allra. Starfið einkennist af leikgleði og samvinnu, þar sem litið er á leikskólann sem eina heild. Börn, foreldrar og starfsfólk fá tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu óháð menningaruppruna, trúar, tungumáls eða samfélagsstöðu.

Ég er þakklát starfsfólki og foreldrum fyrir samstarfið á árinu og hlakka til að vinna áfram saman og læra meira á komandi skólaári.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Teymi leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Tekið fyrir á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Teymi leikskólans (málörvunarteymi, sköpunarteymi og tónlistarteymi) hafa verið mjög gagnleg til þess að gera starfið okkar á Vesturborg markvissara og aukið samræmi á milli deilda. Einnig hefur það reynst vel til þess að virkja starfsfólk leikskólans með því að dreifa ábyrgð verkefna, sem og að nýta styrkleika allra betur. Á komandi starfsári viljum við nýta þessi teymi betur með því að þau fái að hittast oft og að teymisfundir verði settir inn í dagatal leikskólans með miklum fyrirvara.

Hvað var metið?	Lubbi
Hvernig fór matið fram?	Rætt á stjórnendafundi og á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Lubbastarfið hefur gengið einkar vel á líðandi skólaári. Það sem hefur reynst vel er formfesta og rúttína í því hvernig við nálgumst Lubba sem hefur hjálpað okkur að halda starfinu til streitu. Allar deildir eru með Lubbastund á hverjum degi og við sjáum þessar stundir skila sér í málþroska nemenda okkar og er það umtalað á meðal foreldra að þær skila sér heim líka. Þar sem þetta hefur reynst mjög vel ætlum við að leggja áherslu á að halda Lubbastarfinu áfram óbreyttu á komandi skólaári.





Ytra mat

Hvað var metið?	Stafsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólk leikskólans tók þátt í nafnlausri könnun haustið 2025.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	90% starfsfólks svaraði könnuninni.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður stafsmannakönnunar voru mjög jákvæðar í langflestum þáttum og ánægja með vinnustaðinn á meðal starfsfólks eykst á milli ára í flestum þáttum. Einkar ánægjulegt er að sjá að starfsánægja á Vesturborg mælist yfir meðaltali hjá borginni í flestum þáttum. Þeir þættir sem að mest óánægja mælist snúa allir að húsnæði leikskólans. Þetta kemur ekki á óvart, enda höfum við búið við skertan húsakost síðastliðin fjögur ár. Við vonumst til að áætlanir Reykjavíkurborgar um byggingu nýs húsnæðis á lóðinni standist og að við getum flutt hluta af starfsemi inn í nýja húsið í byrjun árs 2027 eins og áætlanir gera ráð fyrir.

Hvað var metið?	Foreldrasamstarf
Hvernig fór matið fram?	Rætt á stjórnendafundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samskipti við foreldra hafa gengið vel og eru framfarir á milli ára. Tækifæri til umbóta felast í því að samræma á milli deilda hvernig upplýsingagjöf til foreldra fer fram. Þó að foreldrasamskipti hafi verið góð á öllum deildum á liðnu ári hefur verið misræmi á milli deilda þegar kemur að því hversu oft foreldrar fá upplýsingapósta um starfið hér á leikskólanum. Þá stefnum við líka á að vera með kynningafund fyrir alla foreldra í ágúst 2026.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Umbótapáttur/matspáttur	Tákn með tali
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Tákn með tali sé virkur þáttur í starfi skólans á öllum deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Námskeið á starfsdegi í upphafi hausts og í framhaldinu útfæra deildir eins og á við.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum í gegnum skólaárið. Rætt á stjórafundum á hverri önn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tjáningarform á deildum sem styður við mál barna í leikskólanum, sér í lagi fjöltyngdra barna og barna sem þurfa aukinn stuðning við málnotkun.

Umbótapáttur/matspáttur	Málstefna leikskóla
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Virða fjölbreytileika í málumhverfi barna og að íslenskan sé tungumálið sem tengi starfsfólk og börn saman. Styðja við íslenskutöku barna í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla í upphafi skólaárs. Starfsfólk fær íslenskukennslu í leikskólanum einu sinni í viku.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á málörvunarteymisfundum í gegnum skólaárið. Rætt á stjórafundum á hverri önn. Hæfniramma skráning gerð á deildarfundum eftir þörfum og áætlun um næstu skref gerð í kjölfarið.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Íslenskan sé lykilþáttur í starfi leikskólans. Við leggjum okkur fram við að tala íslensku við starfsfólk og börn.
--	--

Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfsmannasáttmáli og samskipti starfsfólks
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla jákvæð samskipti, samvinnu og starfsanda innan leikskólans. Að starfsfólk vinni eftir sameiginlegum gildum og sýni hvort öðru virðingu og stuðning í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara reglulega yfir starfsmannasáttmála á starfsmannafundum. Ræða sameiginleg gildi, samskipti og samstarf. Styðja við opna og jákvæða endurgjöf milli starfsfólks
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á starfsmannafundum og í starfsánægjukönnunum yfir skólaárið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk sýnir jákvæð samskipti, gagnkvæma virðingu og gott samstarf í daglegu starfi samkvæmt starfsmannasáttmála





Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjarna vikunnar og gefðu 10
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla sjálfstraust barna, styrkja jákvæða sjálfsmynd og auka athygli og virðingu innan barnahópsins. Einnig að styrkja tengsl heimilis og skóla með virkri þátttöku foreldra í verkefninu. Markmiðið er að gera verkefnið markvissara og tengja það betur við „Gefðu 10“ og jákvæð samskipti í öllum deildum leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Eitt barn verður <i>Stjarna vikunnar</i> í hverri viku. Barnið kemur með myndir að heiman eða foreldrar senda myndir sem notaðar eru til að búa til plakat. Barnið má einnig koma með uppáhalds hlut, bók eða annað sem því þykir vænt um að heiman. Með þessu er verið að tengja heimili og skóla betur saman og efla samstarf við foreldra. Verkefnið verður unnið markvisst á öllum deildum og tengt við <i>Gefðu 10</i> . Börn sem eru valin <i>Stjarna vikunnar</i> verða einnig valin í <i>Gefðu 10</i> .
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 og verður unnið með verkefnið yfir allt skólaárið 2026–2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður með athugunum starfsfólks, samræðum við börn og foreldra, deildarfundum og mati á líðan og þátttöku barna í hópnum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn sýni aukið sjálfstraust, jákvæð samskipti og aukna virðingu hvert fyrir öðru ásamt auknu samstarfi milli heimilis og skóla. Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti við börn.





Umbótaþáttur/matsþáttur	Móttaka nýrra foreldra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að nýir foreldrar fái góðar upplýsingar, stuðning og jákvæða upplifun við upphaf leikskólagöngu barnsins. Að byggt sé upp traust og gott samstarf milli heimilis og leikskóla frá byrjun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda kynningarfundir í byrjun skólaárs fyrir nýja foreldra. Fyrsti fundur fer fram með brúarsmið ef þess þarf til að tryggja góð samskipti og stuðning. Foreldrum verða veittar upplýsingar um starf leikskólans, daglegt skipulag og helstu áherslur og samræma samskipti frá deildarstjóra til foreldra.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við upphaf skólaárs og eftir þörfum yfir árið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með samtölum við foreldra og starfsfólk ásamt endurmati á móttökuferli yfir skólaárið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Foreldrar upplifa sig velkomna, fá skýrar upplýsingar og upplifa gott samstarf við leikskólann frá upphafi.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Blær – vináttubangsi og vináttustarf
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla vináttu, jákvæð samskipti og góðan skólabrag meðal barna. Að börn læri að sýna virðingu, umhyggju og setja mörk í samskiptum við aðra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda fræðslu um vináttuskóla í desember. Nota Blæ, vináttubangsa, í daglegu starfi með nemendum. Fara reglulega í verkefni, samverustundir og umræður um vináttu, samskipti og líðan barna. Styðjast við efni frá Barnaheillum og Vináttuverkefninu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Desember 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með athugunum á samskiptum barna, umræðum á deildarfundum og endurmati starfsfólks yfir skólaárið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna jákvæð samskipti, aukna samkennd og virðingu í leik og starfi. Unnið er markvisst með vináttu og vellíðan barna í leikskólanum.

4. Starfsþróunarsamtöl

Skólastjóri tók tvisvar sinnum á árinu starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk og einu sinni með deildarstjórum. Samtölin hafa almennt gengið vel og skapað gott tækifæri til samtals um starfsaðstæður, líðan og faglega þróun starfsfólks.

Í starfsþróunarsamtölunum var einnig farið yfir mætingu, stundvísi, samskipti og almenna líðan starfsfólks. Lagt var upp með opið og uppbyggilegt samtal þar sem starfsfólk fékk tækifæri til að koma með sín sjónarmið, hugmyndir og ábendingar um umbætur í starfinu. Unnið var markvisst að því að efla samskipti og samstarf innan leikskólans.





Á næsta starfsári verður lögð enn meiri áhersla á reglulega eftirfylgni og stuðning. Deildarstjórar munu taka starfsfólk sitt í starfsþróunarsamtöl á sex vikna fresti og leikskólastjóri verður jafnframt í reglulegu samtali við deildarstjóra. Markmiðið er að styrkja faglegt starf, bæta upplýsingaflæði og stuðla að aukinni vellíðan og starfsánægju hjá öllu starfsfólki.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

22. maí (skólaárið 2025-26) var farið í heimsókn á leikskóla á Selfossi til að kynna sér starf þeirra og fá innsýn í hvernig unnið er með Lubba, Blæ og TMT kennslu. Í framhaldi af þeirri heimsókn er stefnt að því að innleiða Blæ og TMT verkefnið markvisst í leikskólastarfinu næsta haust (2026-27).

21. ágúst verður starfsdagur þar sem haldinn verður kynningarfundur fyrir foreldra vegna upphafs nýs skólaárs. Eftir hádegi verður skipulagsvinna deilda og undirbúningur starfsársins.

30. september verður sameiginlegur starfsdagur starfsfólks. Fyrir hádegi verður TMT námskeið og fræðsla um MML tengda málstefnu leikskólans.

4. desember verður starfsdagur þar sem starfsfólk fær fræðslu um Blæ og áframhaldandi vinnu með verkefnið í leikskólanum.

5. febrúar verður sameiginlegur starfsdagur þar sem starfsfólk fer á sameiginlega fræðslu um Torgið auk þess sem haldið verður skyndihjálparnámskeið.

19. mars verður unnið að undirbúningi foreldrasamtala og mati á stöðu barna og starfi deilda.

27. apríl verður sameiginlegt menntastefnumót þar sem starfsfólk tekur þátt í faglegri umræðu, miðlun reynslu og þróun leikskólastarfs.





6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Apríl 2027	Heimsókn inn í bekk og á bókasafn	Melaskóli	Melaskóli

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Maí 2027	Vorheimsókn með foreldrum	Melaskóli	Melaskóli

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf hefur verið gott á liðandi ári og við viljum halda áfram á sömu braut. Það er starfandi foreldraráð sem var kjörið í september og við gerum ráð fyrir að nýtt ráð verði kjörið á svipuðum tíma á komandi skólaári. Samstarf með foreldrafélaginu hefur verið gott og sjáum við ekki þörf á umbótum hvað það varðar. Við tókum ákvörðun um að tilgreina strax í skóladagatalinu hvenær foreldraviðtöl muni eiga sér stað til þess að auka fyrirsjáanleika fyrir bæði foreldra og starfsfólk, en við gerum ráð fyrir þeim í október og apríl. Kynningafundur fyrir foreldra um starfið okkar hér á Vesturborg verður á starfsdegi 21. ágúst. Á liðnu skólaári vorum við með opinn fund fyrir foreldra með hegðunarráðgjafa og okkur hugnast að halda slíkan fund aftur á þessu skólaári, en dagsetning á þeim fundi á eftir að koma í ljós. Öðrum foreldrafundum verður bætt við eftir þörfum.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

21. ágúst – starfsdagur

30. september – sameiginlegur starfsdagur

4. desember – starfsdagur

5. febrúar – sameiginlegur starfsdagur

19. mars – starfsdagur

27. apríl – sameiginlegur starfsdagur





Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Vesturborg

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ	JÚLÍ
1. L		1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. M	1. M	1. M	1. F	1. L	1. M	1. F
2. S		2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. Þ	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M		3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L
4. Þ		4. F	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. S
5. M		5. L	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F		6. S	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ
7. F		7. M	7. L	7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M	7. M
8. L		8. Þ	8. F	8. Þ	8. F	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F
9. S		9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M		10. L	10. L	10. F	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. F	10. M	10. L
11. Þ		11. F	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S
12. M		12. L	12. F	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. F	12. M	12. L	12. M	12. S
13. F		13. S	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. L	13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ
14. F		14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. M	14. M	14. M	14. M
15. L		15. Þ	15. F	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F
16. S		16. M	16. F	16. M	16. L	16. F	16. Þ	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. F
17. M		17. F	17. L	17. F	17. F	17. S	17. M	17. M	17. L	17. M	17. M	17. L
18. Þ		18. S	18. Þ	18. M	18. F	18. M	18. F	18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. S
19. M		19. L	19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. M	19. M	19. M	19. M	19. L	19. M
20. F		20. S	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. L	20. L	20. Þ	20. S	20. M	20. F
21. F		21. M	21. L	21. F	21. M	21. F	21. M	21. M	21. M	21. F	21. M	21. M
22. L		22. Þ	22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. M	22. L	22. L	22. M	22. F
23. S		23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. Þ	23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. F
24. M		24. L	24. L	24. F	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. L
25. Þ		25. F	25. S	25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S
26. M		26. L	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. F	26. M	26. M	26. L	26. M
27. F		27. S	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. L	27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ
28. F		28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. L	28. L	28. M	28. M	28. M	28. M
29. L		29. Þ	29. F	29. S	29. Þ	29. F	29. M	29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F
30. S		30. M	30. F	30. M	30. M	30. L	30. Þ	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. F
31. M		31. L	31. L	31. F	31. F	31. S	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. L

Í reglum um leikskólajöfnustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalögd lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraóð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða loki samfélti í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat Sólborgar 2025-2026

Styrkleikar

Lubbi finnur málbein hefur reynst vel í starfinu. Við erum með Lubbastund á hverjum degi og nýtt máhljóð í hverri viku. Krakkarnir eru mjög áhugasöm um Lubba og við sjáum að þetta skilar sér í framförum í málþroska.

Stjarna vikunnar var mjög skemmtilegt verkefni. Börnin höfðu mjög gaman af því og hjálpaði þeim að kynna hvoru öðru og gaf þeim (sér í lagi þau sem vantar íslensku) tækifæri til þess að segja frá sínum reynsluheimi á máta sem þau réðu við og hinir krakkarnir skildu.

Tækifæri

Umbótaáætlun ársins sem er að líða gerði ráð fyrir flæðilestri sem áhersluatriði á Sólborg en við komumst fljótt að því að vegna fjölda fjöltýngdra barna á deildinni hentaði hann ekki þessum nemendahóp. Var þá ákveðið að leggja í staðinn áherslu á Lubba.

Nú þegar nemendahópurinn sem heild er orðinn sterkari í íslensku finnum við fyrir því að þau eru móttækilegri fyrir sögum og ætlum við því að gera aðra atögu að því að innleiða flæðilestur á komandi skólaári.

9.2 Innra mat Skýjaborgar 2025-2026

Styrkleikar

Það gekk einstaklega vel að innleiða Lubba inn í starfið okkar. Lubbastundir eru fyrsti liðurinn í skipulögðu starfi hjá okkur og byrjunin á hverjum degi. Við sjáum að Lubbi er að skila sér í áhuga og aukinni málvitund hjá nemendum okkar.

Skapandi starf hefur líka gengið vel, bæði söngur í samverustundum og listsköpun í skipulögðum stundum. Við sjáum miklar framfarir í bæði áhuga og hæfni í söng og listsköpun innan nemendahópsins.

Þegar leið á skólaárið ákváðum við að hætta með hópastarf nema í málörvun og hefur sú ákvörðun reynst einkar vel og bætt skipulagt starf deildarinnar til muna.





Tækifæri

Í umbótaáætlun síðasta árs var gert ráð fyrir þemastarfi þar sem að þemað var ævintýri. Á Skýjaborg byrjuðum við skólaárið á því að lesa sögur eftir HC Andersen og eftir áramót var ákveðið að skipta yfir í sögur um Múmínálfna. Það gekk ágætlega að halda þessum sögustundum til streytu en þemað náði lítið sem ekkert inn í annað starf deildarinnar. Ef við reynum aftur á þemavinnu í framtíðinni, þá ættum við að vera með formfastari áætlun frá byrjun um það hvernig við viljum vinna með þemað í víðara samhengi.

9.3 Innra mat Regnbogaborgar 2025-2026 Styrkleikar

Mjög mikið skapandi starf hefur átt sér stað á deildinni. Notast hefur verið mikið við endurvinnsluefni til að skapa fjölbreytt og skapandi listaverk og börnin fengið tækifæri til að vinna sjálfstætt og þróa eigin hugmyndir.

Mikið frelsi og lýðræði hefur einkennt starfið á deildinni. Börnin hafa fengið aukið sjálfstæði og meðal annars var búinn til sáttmáli um samvinnu með barnahópnum sem hefur reynst vel í daglegu starfi.

Tilfinningalæsi var einnig sterkur þáttur í starfinu. Unnið var markvisst með sjónrænt tilfinningalæsi sem hjálpaði börnunum að þekkja, tjá og skilja eigin tilfinningar og annarra.

KR samstarfið gekk mjög vel og voru börnin áhugasöm og virk í þátttöku sinni. Samstarfið skapaði jákvæða upplifun og góð tækifæri til hreyfingar og félagsfærni.

Tækifæri

Í umbótaáætlun síðasta árs var valin bók til framhaldslesturs sem gekk ekki eins vel og vonast var til. Ástæðan var meðal annars mikill munur á málskilningi barnanna og því reyndist efnið ekki henta öllum hópnum nægilega vel. Í framhaldinu var ákveðið að einfalda sögurnar betur og laga efnið meira að þörfum barnahópsins.

Með aðstoð sérkennslu voru útbúnir þrír hópar fyrir aukna íslenskukennslu. Það verkefni gekk vel og hefur skapað tækifæri til að efla málörvun og íslenskukunnáttu barnanna enn frekar.





9.4 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Deild/aldur barna	Sólborg (2-3 ára)
Umbótapáttur/matspáttur	Læsi í flæði – snemmtæk málörvun og læsi í gegn um flæði milli fjölbreyttra leikja- og læsisstöðva. Áhersla lögð á að börn upplifi tungumál, bækur, söng og tjáningu á skapandi og leikrænan hátt.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla læsi í gegn um leik, samræður og daglegt starf og vekja áhuga barna á bókum, söngvum og tungumálinu. Skapa læsishvetjandi umhverfi þar sem börn flæða á milli stöðva og læra í gegn um leik og reynslu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipulagðar verða fjölbreyttar læsisstöðvar þar sem börn fá að flæða á milli í litlum hópum eða frjálsum leik. Starfsfólk tekur virkan þátt í samskiptum og málörvun á hverri stöð. Dæmi um stöðvar: Ævintýrastöð: bókalestur, myndaskoðun, sögupokar og hlutverkaleikir. Lubbastöð: unnið með Lubba, hljóðamyndun, rím og orðaleiki. Sköpunarstöð: teiknað, málað og fönðrað tengt sögum og söngvum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd verkefnisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst: sept/okt 2026 Lok: maí/júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgst með orðaforða, tjáningu, hlustun og samskiptum barnanna. Samræður og endurmat á deildarfundum starfsfólks.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn sýni aukinn áhuga á bókum, söngvum og málörvandi leik og aukningu orðaforða, tjáningu og samskiptum barna. Að starfsfólk upplifi markvissari vinnubrögð í læsi og málörvun.





Deild/aldur barna	Skýjaborg (3-5 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur	KR tímar hjá miðdeild með áherslu á grófhreyfingar, félagsfærni, sjálfstraust og tilfinningarlæsi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla félagsfærni barna, sjálfstraust og tilfinningafærni og grófhreyfingar í gegnum íþróttatíma hjá KR. Einnig að börnin læri samvinnu, virðingu og jákvæð samskipti .
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Miðdeild fer í einu sinni á viku íþróttatíma hjá KR með meiri áherslu á grófhreyfingar , hreyfiproska og líkamsvitund. Fyrir áramót tekur eldri hópur deildarinnar þátt og eftir áramót yngri hópurinn. Verkefnið verður tengt markvisst við félagsfærni, sjálfstraust og tilfinningalæsi í daglegu starfi deildarinnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Eldri hópur byrjar haustið 2026 og yngri hópur bætist við í byrjun árs 2027. Lok vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið verður með samræðum starfsfólks, athugunum á líðan og þátttöku barna, ásamt umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn sýni aukið sjálfstraust, betri samskipti og meiri þátttöku í hópastarfi og leik.





Deild/aldur barna	Skýjaborg (3-5 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur	Opinn efniviður – „Drasl sem gull“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla sköpunargleði, sjálfstæða hugsun, samvinnu og lausnaleit barna með notkun á opnum efniviði og endurnýtanlegu efni („drasl sem gull“). Einnig að auka umhverfisvitund og gefa börnum fleiri tækifæri til skapandi leiks og rannsókna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Safna og skipuleggja opinn efnivið og endurnýtanlegt efni sem börnin geta nýtt í leik og sköpun. Börnin fá tækifæri til að búa til, rannsaka og skapa út frá eigin hugmyndum bæði í frjálsum leik og skipulögðum verkefnum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026 og verður unnið með verkefnið yfir allt skólaárið 2026-27.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með skráningum starfsfólks, myndum af verkefnum barna, samræðum við börnin og umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn sýni aukna sköpunargleði, frumkvæði, samvinnu og áhuga á að nýta fjölbreyttan efnivið í leik og starfi.

Deild/aldur barna	Regnbogaborg (5-6 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur	„Leikskóli um alla borg“
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að námsumhverfi elsta árgangsins okkar einskorðist ekki við lóðarmörk Vesturborgar, heldur um borgina alla, sérstaklega í Vesturbænum og Miðbænum. Að elstu nemendur okkar læri á umferðina, á strætó og um nærumhverfi sitt. Að nýta námstækifæri sem eru í boði utan veggja leikskólans.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefnt er á að farið sé í að minnsta kosti tvær vettvangsferðir í hverjum mánuði. Unnið með viðfangsefni hvernar vettvangsferðar inni á deildinni í fyrir og eftir ferðina (t.d. náttúrulífspema í kringum heimsókn til Náttúruvinnuáskafns Íslands eða myndlistarþema í kringum heimsókn til Listasafns Reykjavíkur).
Ábyrgð	Deildarstjóri skipuleggur ferðir. Allt starfsfólk deildarinnar tekur þátt í ferðunum sjálfum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt á deildarfundi um áramótin hvernig ferðirnar ganga og hvort að breyta þurfi um nálgun. Tekið fyrir á deildarfundi í lok skólaárs hvernig hefur gengið. Rætt við nemendur í samverustundum eftir ferðir og hlustað á þeirra skoðanir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í lok skólaárs kunni allir nemendur vel að fara í ferðir, að taka strætó (í fylgd með fullorðnum) og að það sem þau læri utan veggja leikskólans leiti inn í starfið inn á leikskólanum. Þá er það líka árangur í sjálfu sér að nemendur finnist skemmtilegt í ferðunum.

Deild/aldur barna	Regnbogaborg (5-6 ára)
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikskólalýðræði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að elsta deild leikskólans sé vettvangur til þess að efla lýðræðisvitund nemendahópsins og kenna þeim að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í byrjun skólaárs sest deildin niður saman og nemendur ákveða sameiginlega meginreglur fyrir deildina með aðstoð kennara. Þetta eru reglur sem gilda fyrir bæði nemendur og kennara (mögulegar reglur gætu td verið „bannað að





	<p>meiða“ eða „við tölum fallega við hvort annað“).</p> <p>Leitast verður eftir að leyfa nemendum að taka ákvarðanir um starfsemi deildarinnar þegar það er hægt (td hvað ætlum við að gera í samverustund? eigum við að vera úti eða inni í lok dags?) Þetta getur td gerst með kosningum eða leyft nemendum að skiptast á að taka ákvarðanir. Kennarar leitast við að segja já ef að nemendur koma með uppástungur um deildina af fyrra bragði.</p>
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt á deildarfundum í kringum áramót og nær enda skólaársins. Skoðanakönnun gerð innan nemendahópsins í lok skólaárs þar sem þau eru spurð hver ráði á deildinni, hvort að þeim finnist kennarar hlusta á þau og hvort að þeim finnist þau fá að stjórna einhverju.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að nemendur séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um sitt eigið umhverfi. Í lok skólaárs ættu allir nemendur að hafa grundvallarskilning á því hvernig kosningar virka. Merki um árangur væri að í skoðanakönnuninni í lok skólaárs kæmi í ljós að flestir nemendur upplifi það að nemendur og kennarar ráði saman á deildinni, að kennarar hlusti á þau og að þau fái að stjórna einhverju á deildinni.





9.5 Innra mat sérkennslu 2025-2026

Íris Beata Dudziak sinnti starfi sérkennslustjóra og tengiliðar farsældar skólaárið 2025-2026. Hlutverk sérkennslustjóra snýr að skipulagi og utanumhaldi sérkennslu Vesturborgar ásamt stuðningsstarfsfólki skólans. Sérkennslustjóri sinnir meðal annars ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks og foreldra um málörvun, hegðun, félags-, tilfinninga- og hreyfifærni ásamt víðtækum stuðningi við nám og þroska nemenda.

Sérkennslurými Vesturborgar hefur verið nýtt sem rými til þjálfunar fyrir nemendur sem þiggja sérkennslu ásamt nokkrum nemendahópum. Aðkeyptur efniviður tengdist áhugasviði barna sem þiggja sérkennslu og efni til málörvunar. Helstu námsgögnin sem stuðst var við voru heimagerð spil og heimagerð efni til málörvunar. Á starfsdegi fékk starfsfólk Vesturborgar fræðslu og handleiðslu um PECS boðskiptakerfi. Lubbi finnur málbein hefur einnig verið virkur þáttur í starfi leikskólans í heild sinni þar á meðal sérkennslu. Aðferðafræði Lubba snýr að málhljóðum barna í þeirri röð sem þau tileinka sér þau eftir aldri. Verkfærið er ætlað að gera börnum betur kleift að greina og framkalla málhljóð með sjónrænum og heyrnrænum stuðningi, og með táknum og hreyfingum.

Sérkennsluteymisfundur var haldinn einu sinni á önn með sérkennslustjóra, aðilum sem sinna stuðningi og Ragnari, tengiliði fjölmenningar og þeim sem sinnti stöðugildi snemmtækra ihlutunar. Starfsfólk sem sinnti sérkennslu hlaut viðeigandi fræðslu og leiðsögn. Sem dæmi má nefna að sérkennslustjóri og deildarstjóri fóru á PECS boðskiptaleiða námskeið. Sérkennslustjóri sótti AEPS námskeið, námskeið um snemmtæka atferlisíhlutun og TRAS réttindanámskeið. Annað starfsfólk sem sinnti stuðningi fór einnig á námskeið er við kemur þjálfun og snemmtækri atferlisíhlutun. Námskeið voru ýmist á vegum ráðgjafar- og greiningarstöðvar eða annarra aðila.

Lausnateymisfundir hafa verið haldnir mánaðarlega í gegnum skólaárið og haldnir í góðu samstarfi við ráðgjafa á Vesturmiðstöð og aðkomu þeirra á fundina einu sinni til tvisvar á önn. Á lausnateymisfundum sitja sérkennslustjóri, leikskólastjóri og deildarstjórar. Þar er vettvangur til lausnaleyta áhyggja sem upp kunna að koma og tengjast hegðun, líðan, þroska eða málþroska. Slíkt samstarf deilda hefur verið árangursríkt einna helst þar sem vettvangur er til samskipta og umræðna er varðar áhyggjur og ákvarðanir næstu skrefa.

Mat á sérkennslu 2025-2026

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð;	Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem þurftu og studdi við nám og þjálfun barnanna. Þannig voru markmið sem verið var að vinna að
--	--





<p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þessu þurftu?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætt allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?</p>	<p>hverju sinni skráð í einstaklingsnámskrá barnsins.</p> <p>Stuðningsstarfsmenn sinntu þjálfunarstundum með stuðningi sérkennslustjóra, ýmist einstaklingsþjálfun eða í hóp, ásamt því að veita viðeigandi stuðning innan barnahópsins.</p> <p>Starfsmaður skráði eftir hverja þjálfunarstund verkefnin sem voru fyrir hendi og hvernig gekk, með leiðsögn sérkennslustjóra. Nemendur á elstu deild þáðu einnig sérstaka málörvun þrisvar í viku eftir niðurstöður skimunarinnar Hljóm-2. Skimunin metur hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskóla.</p> <p>Niðurstöður voru kynntar foreldrum og unnið að framförum með samstarfi foreldra og leikskóla.</p> <p>Starfsfólk lagði sig fram við að stuðla að þátttöku barna í leikskólastarfinu. Stuðst var við notkun sjónrænna skilaboða og myndræns dagskipulags og tók starfsfólk leikskólans þátt í því að leita leiða til náms og áhuga barnanna.</p> <p>Teymisfundir barna sem þiggja sérkennslu voru haldnir á sex til átta vikna fresti með aðilum teymisins. Þar má nefna foreldra, sérkennslustjóra, stuðningsstarfsmann, deildarstjóra og ráðgjafa frá Vesturmiðstöð.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, Hljóm-2 o.fl.</p>	<p>AEPS og VB-MAPP var notað við gerð einstaklingsnámskrár barna, EFI-2 hjá börnum á fjórða aldursári, hæfnirammur fyrir fjölyngd börn og nemendur í elsta árgangi tóku Hljóm-2.</p> <p>Einnig var stuðst við TRAS skráningar sem gefa góða mynd á málþroska barna.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Stuðst var við námsgögn í spjaldtölvu og fjölbreytt spil. Spilin voru ýmist heimagerð og</p>





	<p>sniðin að þörfum barnanna, eða aðkeypt, og var það helsta verkfæri sérkennslunnar.</p> <p>Við val námsefnis fékk áhugasvið nemenda sem þiggja sérkennslu að njóta sín. Stuðst var við myndrænt skipulag á deildum einna helst fyrir dagskipulag hvernar deildar en einnig í formi samskipta hjá einstaka börnum.</p>
--	---

9.6 Umbótaáætlun sérkennslu 2026-2027

Umbótaáætlun sérkennslu 2026-2027	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Áframhaldandi innleiðing Lubba
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Lubbi finnur málbein verði flæðandi í starfi leikskólans, þar á meðal sérkennslu og málörvunarstundum á deildunum. Sérkennslan markast af fjölbreyttum tækifærum þar sem Lubbi styður við markmið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lubbi styður við einstaklingsmiðaðar málörvunarstundir sem og innan barnahóps.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Sérkennsluteymi fer yfir skólaárið með tilliti til áframhaldandi innleiðingar Lubba og ákveður næstu skref varðandi dýpkun hugmyndafræðinnar sem Lubbi finnur málbein byggir á.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sem þiggja sérkennslu fá stuðning Lubba í fjölbreyttum aðstæðum og við tileinkun markmiða í einstaklingsnámskrá.

Umbótaáætlun sérkennslu 2026-2027	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Ut anumhald sérkennsluteymis og skóli án aðgreiningar





Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skýr markmið sérkennslunnar og meðvitund starfsfólks leikskólans um verkefni sérkennsluteymis og stuðning við börn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennsluteymisfundir verða haldnir tvisvar á önn í stað einu sinni á önn, líkt og var síðasta skólaár. Á fundunum er vettvangur til umræðu og ígrundunar á starfi og verkefnum hverju sinni. Einstaklingsnámskrár og markmið séu skýr og breyttar áherslur ræddar á deildarfundum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og aðrir sem sinna sérkennslu.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið verður yfir einstaklingsnámskrár, áherslur, áskoranir og annað á sérkennsluteymisfundum tvisvar á önn og á deildarfundum í gegnum skólaárið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk tekur virkan þátt í námi barna sem þiggja sérkennslu og upplýsingaflæði gott er varðar markmið sérkennslu.

F. h. leikskólansVesturborg

Deep Shikha

28.05.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





9.7 Umsögn foreldraráðs

Á Vesturborg er góður skólabragur. Börnin þekkja starfmenn allra deilda og þeir börnin. Það skín sterkt í gegn hve mikið er unnið með vináttu og lýðræði og passað upp á að öll börn fái rými til þess að rækta sína hæfileika. Við erum ánægð með fasta liði eins og markvisst starf í hljóðavinnu með Lubba og áherslur leikskólans á tónlist og listsköpun í starfi. Upplýsingaflæði til foreldra á skólaárinu hefur verið nokkuð gott. Árstíðarbundin skemu fyrir starf hafa einnig reynst mjög vel, verið skýrt framsett og vel sýnileg foreldrum. Við hvetjum leikskólann til þess að halda því áfram að hafa þemu í starfi, tónlist, bækur og orðaforða sem lögð er áhersla á hverju sinni sýnileg foreldrum á þennan hátt og jafnvel oftár.

Við fögnum uppbyggingu á skólalóðinni og betri aðstöðu fyrir starfsfólk og börn á komandi ári og vonum innilega að framkvæmdaáætlun standist. Framkvæmdir á lóð hafa þó sett mark á plássið sem börnin hafa í útiveru. Við viljum hrósa starfsfólki fyrir að nýta vel það pláss sem er til staðar og að fara meira með börnin út fyrir lóðamörkin á leikvelli í hverfinu og aðrar vettvangsferðir.

Við þökkum starfsfólki Vesturborgar fyrir liðið skólaár og hlökkum til þess næsta.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Bryndís Bergþórsdóttir

Ingibjörg Elsa Turchi

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Mér sýnist það. Ég skildi reyndar ekki hvað Gefðu 10 er, en kannski er það eitthvað fyrir næsta ár? Svo er ég ekki alveg inni í því sem aðrar deildir en Skýjaborg gera.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, ég myndi segja það.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.





Fulltrúar í foreldraráði:

Ingibjörg Elsa Turchi

Bryndís Bergþórsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ingibjörg Elsa Turchi



